

Arctica Finance hf.
Ársreikningur móðurfélags 2022

Arctica Finance hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
kt. 540509-1820

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðra endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)	16
Ófjárhagslegar upplýsingar – Sjálfbæriskýrsla (óendurskoðað)	21

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur móðurfélags Arctica Finance hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningskili verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana.

Starfsemi félagsins

Arctica Finance hf. er verðbréfafyrirtæki sem starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á grundvelli starfsleyfis frá mars 2010 með síðari viðbótum. Um starfsemi Arctica Finance hf. gilda m.a. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 2/1995, um hlutafélög og lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, auk fleiri laga sem og reglna og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („FME“), sem og viðmiðunarreglur EBA og ESMA sem FME vísar til og gilda um verðbréfafyrirtæki og starfsemi þeirra. Á grundvelli þessara laga og reglna hefur félagið sett sér ýmsar innri reglur og stefnur sem félaginu ber að gera, en margar þeirra má finna á heimasíðu félagsins, www.arctica.is/upplýsingar.

Arctica Finance hf. hefur byggt þjónustu sína á því að veita viðskiptavinum ráðgjöf í gegnum þrjú svið, Fyrirtækjaráðgjöf, Markaðsviðskipti, auk Eignastýringar. Eignastýring býður viðskiptavinum upp á eignastýringu, en samkvæmt lögum nr. 115/2021 er með eignastýringu átt við „stjórnun eignasafns í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er fyrir fram ákveðin af viðskiptavini.“ Allar ákvarðanir varðandi kaup og sölu fjármálagerninga er í höndum Eignastýringar, en aðkoma viðskiptavinar felst í að ákveða fjárfestingarstefnuna sem fara ber eftir. Þjónusta Fyrirtækjaráðgjafar felst einkum í að veita þjónustu á eftirtöldum sviðum, kaup og sala á fyrirtækjum, samrunar og yfirtökur eða aðrar eignarhaldstengdar breytingar, nýskráningar og afskráningar hluta- og skuldabréfa, fjármögnun og útboð fjármálagerninga, og fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja. Markaðsviðskipti veitir helst þjónustu á eftirtöldum sviðum, miðlun, endurkaupaáætlun, beinn rafrænn aðgangur í kauphöll, útboð og varsla.

Starfsmenn Arctica Finance hf. á árinu 2022 voru að meðaltali 18 miðað við heilsársstörf. Í árslok 2022 voru stöðugildi 17 hjá Arctica Finance hf. Heildarkostnaður launa og launatengdra gjalda til starfsmanna, framkvæmdastjóra, stjórnar og annarra í þjónustu félagsins nam 373,2 millj. kr. (2021: 323,9 millj.kr.).

Arctica Finance hf. á dótturfélagið A/F Rekstraraðila ehf., en það félag er rekstraraðili sérhæfðra sjóða með vísan til laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Er það félag skráð hjá FME sem slíkur rekstraraðili og hefur sótt um starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða hjá FME.

Afkoma og eigið fé

Hreinar rekstrartekjur félagsins námu 1.228,6 millj. kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 154,4 millj. kr. milli ára eða um 14,4%. Hagnaður félagsins á árinu 2022 nam 419,7 millj. kr. (2021 nam hagnaður félagsins: 358,8 millj. kr.).

Eigið fé félagsins í árslok 2022 var 605,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi (2021: 529,2 millj. kr.) Eiginfjárlutfall félagsins sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er í lok júní 31,0%, en hlutfallið má ekki vera lægra en 8,0%.

Með úrskurðum yfirséðar á árinu 2022 voru staðfestir úrskurðir Skattsins gagnvart tilteknum fyrrverandi og núverandi starfsmönnum Arctica Finance hf. Þess efnis að virða bæri tilteknar greiðslur til þeirra, á grundvelli hlutabréfaeignar í félaginu, sem starfstengd hlunnindi (kaupauka) í skattalegu tilliti. Þar af leiðandi voru opinber gjöld viðkomandi einstaklinga endurákvörðuð og þeim hverjum um sig gert að greiða fjárhæð sem nam mismuninum á tekjuskatti og þegar uppgerðum fjármagnstekjuskatti af þessum greiðslum. Þar sem úrskurðir Skattsins beindust einungis að viðkomandi einstaklingum en ekki félaginu var ekki um að ræða samhliða endurákvörðun eða leiðréttingu á tekjuskattstofni félagsins og/eða eftir atvikum öðrum viðeigandi gjaldstofnum vegna sömu tekjuára. Þetta leiðir m.a. af sér að sú fjárhæð sem endurákvörðuð var gagnvart viðkomandi einstaklingum hefur í rauninni verið tvískattlögð, þ.e. fyrst sem hagnaður í rekstri félagsins og síðan sem laun í hendi þeirra. Það liggur hins vegar fyrir að þar sem nú hefur verið úrskurðað um að greiðslurnar teljist til launa í hendi viðkomandi einstaklinga er jafnframt um að ræða skattalega frádráttarbærar kostnað í rekstri Arctica Finance hf. á grundvelli laga og reglugerða. Þar af leiðandi var óskað eftir gagnvart Skattinum á síðasta ári að framangreindur kostnaður verði færður til lækkunar á tekjuskattstofni félagsins viðkomandi gjaldár og álagning tekjuskatts endurákvörðuð því til samræmis.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.:

Samkvæmt lögum skal iðgjald í lífeyrissjóð reiknað af heildarfrjárhæð greiddra launa. Þá mynda að meginstefnu allar tekjur sem skattskyldar eru sem launatekjur gjaldstofn til greiðslu iðgjalds. Það lá því fyrir að Arctica Finance hf. þar skylda til að standa skil á framlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð vegna framangreindra greiðslna og stóð félagið að uppgjöri við viðkomandi lífeyrissjóði í þessu sambandi á síðasta ári. Á grundvelli þess uppgjors námu heildargreiðslur vegna lífeyrissjóðgjalda alls um 31,5 millj. kr., auk þess sem að félagið greiddi til viðkomandi lífeyrissjóða mótfamlög sem áður nefndir einstaklingar þar að greiða, þar sem á atvinnurekendum hvílir sú skylda að halda eftir og standa skil á þessum hluta iðgjalds, samtals um 19,6 millj. kr. Greiðslurnar voru inntar af hendi sem aukaframlög umfram reglubundin framlög, sem reiknast til réttinda miðað við greiðsludag. Einstaklingarnir hafa nær allir endurgreitt eða samið um endurgreiðslu eigin framlags iðgjaldanna.

Stjórn Arctica Finance hf. er kunnugt um að einhverjir þeirra einstaklinga sem að framan getur sem gert var að sæta endurákvörðun opinberra gjalda, ihugi að leita til dómstóla í því skyni að fá ákvörðun yfirskattaneindar hnekk. Verði slíkt mál höfðað og verði niðurstaða þess viðkomandi einstaklingi í vil, þá hefur það áhrif á Arctica Finance hf.

Hluthafar og ráðstöfun hagnaðar

Hlutfé félagsins var 143,0 millj. kr. í árslok og skiptist í tvo flokka. Hlutfé í A-flokki veitir atkvæðisrétt í samræmi við ákvæði samþykktar Arctica Finance hf., en hlutfé í B-flokki eru án atkvæðaréttar. Hluthafar voru 12 í árslok 2022 en voru 11 í lok fyrra árs en þeir eru:

Nafn	Ríkisfang	Raunverulegir eigendur	Hlutfé alls	%	Hlutflokkur
Arctica Eignarhaldsfélag ehf.....	Íslenskt	Bjarni Þórður Bjarnason	71.499.999	50,00%	A-flokkur
Viti fjárfestingarfélag ehf.	Íslenskt	og Stefán Þór Bjarnason	1	0,00%	A-flokkur
		Samtals	71.500.000		
Ascraeus ehf.....	Íslenskt	Jón Þór Sigurvinsson	15.313.676	10,71%	B-flokkur
Jón Ingi Árnason.....	Íslenskur		10.725.000	7,50%	B-flokkur
Börsen ehf.....	Íslenskt	Gunnar Jóhannesson	8.420.546	5,89%	B-flokkur
Valdimar Ármann.....	Íslenskur		7.150.000	5,00%	B-flokkur
Björn Öder Ólason.....	Íslenskur		5.958.333	4,17%	B-flokkur
Jón Eggert Hallsson.....	Íslenskur		5.958.333	4,17%	B-flokkur
Ægir Birgisson.....	Íslenskur		5.958.333	4,17%	B-flokkur
R38 ehf.....	Íslenskt	Grétar Brynjólfsson	5.359.128	3,75%	B-flokkur
HJÁSI ehf.....	Íslenskt	Indriði Sigurðsson	4.154.150	2,91%	B-flokkur
Mánatindur ehf.....	Íslenskt	Andri Ingason	2.502.500	1,75%	B-flokkur
Arctica Eignarhaldsfélag ehf.....	Íslenskt		1	0,00%	B-flokkur
		Samtals	71.500.000		
		Hlutfé alls	143.000.000	100,00%	

Stjórn félagsins leggur til að allt að kr. 417.849.000 verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2023, en vísað er að öðru leyti til ársreiknings félagsins um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Áhættuþættir og áhættustýring

Arctica Finance hf. hefur frá stofnun haft í gildi reglur um áhættustýringu, en þær eru settar af stjórn með hliðsjón af 77. a og 77. gr. b laga um fjármálafyrirtæki. Markmið reglnanna er m.a. að greina alla helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi félagsins, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða og þannig finna ásættanlegt jafnvægi milli lágmarkunar áhættu annars vegar og hámarkunar tekna hins vegar, sem og til að tryggja sem best samfellda og reglulega starfsemi og þjónustu við viðskiptavinum. Sumir áhættuþættir tengjast hugsanlegum áhrifum á eigið fé, t.d. útlána-, mótaðila- og samþjöppunarhætta, markaðsáhætta, fastvaxtaáhætta og rekstraráhætta, og sumir áhættuþættir tengjast hugsanlegum áhrifum á laust fé og fjármögnun. Helstu áhættuþættir félagsins hafa verið tilgreindir sem útlánaáhætta, markaðsáhætta, rekstraráhætta, vaxtaáhætta utan veltubókar, lausafjáraáhætta, samþjöppunaráhætta, uppgjörshætta, laga- og regluvörsluáhætta, orðsporsáhætta og stefnumótunaráhætta. Áhættuþættir þessir eru heimfærðir yfir á hugsanlegar áhættur í rekstri og starfsemi félagsins og sé talin ógn stafa af áhættu, er brugðist við með viðeigandi hætti til að minnka áhættuna.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.:

Áhættuþættir og áhættustýring frh.

Stjórn Arctica Finance hf. ber ábyrgð á því að skyldur félagsins um áhættustýringu samkvæmt lögum, reglugerðum og reglum séu uppfylltar, en framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því gagnvart stjórn að reglunum sé framfylgt, í samstarfi við áhættunefnd félagsins, og annast málefni áhættustýringar félagsins. Forstöðumenn einstakra deilda bera síðan hver um sig ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanni áhættustýringar, sem er framkvæmdastjóri félagsins, og áhættunefnd á stýringu á áhættuþáttum sem að þeim snúa, og framkvæma í því skyni árlega áhættumat á starfsemi sinnar deilda. Ábyrgðarmaður áhættustýringar skilar árlega stjórn Arctica Finance hf. skriflegri skýrslu um málefni áhættustýringar. Stjórn og framkvæmdastjóra ber að meta reglulega og endurskoða skilvirkni stefnu, fyrirkomulags og verklags málefna þeirra er falla undir eftirlit og starfsemi áhættustýringar og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum.

Á sex mánaða fresti er tekinn saman áhættu- og eiginfjárgrunnur fyrir félagið m.v. nýjasta ársreikning og/eða milliuppgjör og er það kynnt fyrir stjórn. Um leið eru teknar saman upplýsingar um eigið fé Arctica Finance hf., eiginfjárkröfu samkvæmt innra mati, metin út frá kröfum sem gerðar eru samkvæmt COREP-skýrslu sem send er FME, eigið fé umfram mat í lok tímabils, og eiginfjárhlutfall í lok tímabils. Þá er álagspróf framkvæmt a.m.k. tvisvar á ári, sem metur hvort að félagið hafi nægilegt laust fé til mæta tekjuleysi í 3 (þrjá) mánuði, þ.e. fjármuni sem svarar til a.m.k. rekstrarkostnaði í þrjá mánuði, sem svarar u.þ.b. til metinnar rekstraráhættu félagsins. Sjá einnig skýringu 11 í ársreikningi. Einnig er reglulega fylgst með stöðu lausafjár og útistandandi viðskiptakrafna.

Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Arctica Finance hf. eru í samræmi við almennar leiðbeiningar um stjórnarhætti þeirra sem lúta eftirliti opinberra stjórnvalda, auk þess sem tekið er mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnun og yfirlit yfir Arctica Finance hf. skiptast á milli hluthafa, stjórnar og framkvæmdastjóra í samræmi við samþykktir félagsins, reglur stjórnar og önnur tilmæli stjórnarinnar, en starfsreglur stjórnar má finna á skrifstofu félagsins. Þá lýtur stjórnun og yfirlit félagsins ýmsum lögum og reglum, þ.m.t. lög um hlutafélög, lög um fjármálafyrirtæki, lög um markaði fyrir fjármálagæminga, lög um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja og reglur Kauphallar, auk ýmissa leiðbeinandi tilmæla FME. Nánari útlitun á lögum, reglum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum er að finna á heimasíðu FME, www.fme.is. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti félagsins er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er fylgiskjal með ársreikningnum. Í stjórn félagsins eru tveir karlar og ein kona.

Þó að Arctica Finance hf. beri ekki skylda til að birta ófjárhagslegar upplýsingar sem vísað er til í 66. gr. d laga nr. 3/2006, um ársreikninga, þá birtir félagið nú með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti í annað sinn ófjárhagslegar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um UFS þætti, í formi sjálfbærnisráðgjafar skýrslu sem er fylgiskjal með ársreikningnum. Í sjálfbærnisráðgjafar skýrslunni er m.a. komið inn á umhverfismál, þ.m.t. loftlagsbreytingar, félags- og starfsmannamál, ásamt spillingar og mútumál.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil verðbréfafyrirtækja og verðbréfamíðlana. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu í 31. desember 2022, rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri Arctica Finance hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2023.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðra endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Arctica Finance hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Arctica Finance hf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Arctica Finance hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendum á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, stjórnarháttaryfirlýsingu og sjálfbærnisráðgjöf.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 20. mars 2023

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Þóknunatekjur	1b	1.221.918	1.073.017
Fjármunatekjur		8.499	1.017
Gangvirðisbreytingar verðbréfa		(13.720)	(1.536)
Gengismunur		11.877	1.641
Aðrar rekstrartekjur		6	21
Tekjur alls		<u>1.228.580</u>	<u>1.074.159</u>
Vaxtagjöld		(18)	(66)
Rekstrartekjur samtals		<u>1.228.562</u>	<u>1.074.093</u>
Laun og launatengd gjöld	4	373.159	323.929
Annar rekstrarkostnaður		327.496	298.993
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага		(174)	1.292
Afskriftir	5	379	657
Rekstrarkostnaður samtals		<u>700.860</u>	<u>624.871</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		527.702	449.222
Tekjuskattur	1f,3,12	(108.000)	(90.409)
Hagnaður ársins	10	<u>419.702</u>	<u>358.813</u>
Hagnaður á hlut:			
Hagnaður á hlut	1d	<u>2,93</u>	<u>2,51</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Rekstrarfjármunir	5	638	747
Eignarhlutir í dótturfélögum	6	27.883	27.708
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum	1e,7	381	381
Reiknuð skatteign	12	3.255	5.834
Viðskiptakröfur	1g	307.502	59.138
Kröfur á dótturfélög		0	4.508
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		16.143	14.460
Verðbréf	1i,8	92.260	106.146
Handbært fé	1j	360.474	577.523
Eignir samtals		808.536	796.445
Eigið fé			
Hlutfé		143.000	143.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		8.875	8.875
Lögbundinn varasjóður		35.750	33.752
Bundinn gangvirðisreikningur		433	524
Óráðstafað eigið fé		417.849	343.053
Eigið fé	10	605.907	529.204
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		15.954	36.113
Skuldir við tengda aðila		7.599	0
Skattar tímabilsins	12,13	105.665	77.603
Aðrar skuldir		73.411	153.524
Skammtímaskuldir		202.630	267.240
Skuldir samtals		202.630	267.240
Eigið fé og skuldir samtals		808.536	796.445

Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	10	419.702	358.813
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Áhrif gangvirðisbreytinga		13.720	1.536
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага	(174)	1.292
Afskriftir	5	379	657
Reiknaður tekjuskattur	1f,12	2.579	90.409
Aðrir liðir		0	0
		<u>436.206</u>	<u>452.706</u>
Veltufé frá rekstri			
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, hækkun	(245.540)	109.743
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(64.611)	119.268
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(310.150)	<u>229.011</u>
		<u>126.055</u>	<u>681.717</u>
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir rekstrarfjármunir	5	(270)	0
Fjárfesting í eignarhlutum í dótturfélögum		0	(29.000)
Verðbréf, breyting		166	(106.650)
		<u>(104)</u>	<u>(135.650)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar			
Arður til hluthafa	10	(343.000)	(59.000)
		<u>(343.000)</u>	<u>(59.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(217.049)	487.067
Handbært fé í ársbyrjun		<u>577.523</u>	<u>90.456</u>
Handbært fé í árslok	1i	<u>360.474</u>	<u>577.523</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur móðurfélags Arctica Finance hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Félagið er dótturfélag Arctica Eignarhaldsfélags ehf. sem hefur aðsetur að Katrínartúni 2, Reykjavík.

b. Innlausn tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2022. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur og vextir á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

d. Hagnaður á hlut

Hagnaður eða tap á hlut er hlutfall afkomu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og er ætlað að sýna hver hagnaður er á hverja krónu hlutafjár. Hagnaður félagsins nam 419,7 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 143,0 millj. kr.

e. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög eru þau félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð yfir. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðaréttar sem þegar er nýtanlegur. Eign í dótturfélögum er færð með hlutdeildaraðferð.

f. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði nema þegar eignarhlutdeild er meiri en fimmtungur af heildarhlutafé þá er beitt hlutdeildaraðferð.

g. Reiknuð skatteign

Reiknuð skatteign er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu þegar það á við og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning.

h. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru viðskiptaþóknarir sem eru útstandandi í lok tímabilsins.

Skýringar, frh.:

1. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

i. Verðbréf

Skuldabréfaeign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að teknu tilliti til virðisrýrnunar. Áfallnir vextir eru innifaldir í bókfærðri fjárhæð lána og krafna. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gilti á markaði í lok tímabilsins. Eignarhlutir í öðrum félögum, sem skráð eru á hlutabréfamarkaði, eru færðir til eignar á gangverði, þ.e. síðasta viðskiptaverði í tímabilsins. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Óinnleystar gangvirðisbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár.

j. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

2. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2022	2021
Vaxtatekjur	8.453	995
Arðstekjur	46	21
Gengismunur gjaldmiðla	11.877	1.641
Fjármunatekjur samtals	20.376	2.658
Vaxtagjöld	(18)	(66)
Fjármagnsgjöld samtals	(18)	(66)

3. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2022	2021
Tekjuskattur til greiðslu:		
Vegna ársins	(105.665)	(77.603)
Yfirtekin skattstofn ósjálfstæðra skattaðila	244	0
Tekjuskattsskuldbinding:		
Breyting vegna tímabundins mismunar	(2.579)	(12.806)
Tekjuskattur í rekstrarreikning	(108.000)	(90.409)

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	287.908	250.342
Tryggingargjald	20.743	17.319
Fjársýsluskattur	17.963	15.610
Önnur launatengd gjöld	46.545	40.658
Laun og launatengd gjöld samtals	373.159	323.929
Stöðugildi í árslok	17	18
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	18	17

Laun framkvæmdastjóra námu 20,0 millj. kr. á árinu 2022 (2021: 18,0 millj. kr.), laun þriggja lykilstarfsmanna námu 52,8 millj. kr. (2021: þrjú lykilstarfsmenn 48,0 millj. kr.), laun stjórnarformanns námu 4,8 millj. kr. (2021: 4,8 millj. kr.) og laun tveggja annarra stjórnarmanna námu 3,6 millj. kr. (2021: 3,6 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Heildarverð í ársbyrjun	2.551	2.551
Uppsafnaðar afskriftir í ársbyrjun	(1.804)	(1.147)
Bókfært verð í ársbyrjun	747	1.404
Keypt á árinu	270	0
Afskrifað á árinu	(379)	(657)
Bókfært verð í árslok	638	747
Heildarverð í árslok	2.821	2.551
Uppsafnaðar afskriftir í árslok	(2.183)	(1.804)
Bókfært verð í árslok	638	747
Afskriftarhlutföll	15-35%	15-35%

6. Eignarhlutur í dótturfélögum

Eignarhlutur í dótturfélögum skiptist þannig:	Eignarhlutur 31.12.2022	Bókfært verð 31.12.2022	Eignarhlutur 31.12.2021	Bókfært verð 31.12.2021
Viti rekstrarfélag hf.	100,00%	12.000	100,00%	12.000
A/F Rekstraraðili ehf.	100,00%	15.883	100,00%	15.708
		27.883		27.708

Ekki er útbúinn samstæðuársreikningur með dótturfélögum, með vísan til 70. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga

7. Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum

Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum skiptist þannig:

	Eignarhlutur 2022	Bókfært verð 2022	Eignarhlutur 2021	Bókfært verð 2021
Live Market Data ehf.	51,00%	381	51,00%	381
		381		381

8. Verðbréf

Verðbréf með breytilegar tekjur greinast þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Skráð verðbréf og innleysanleg hlutdeildarskírteini	92.260	106.146
Verðbréf alls	92.260	106.146

Skýringar, frh.:

9. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 143 millj. kr. Hlutafé félagsins í A-flokki nemur 71,5 millj. kr. og hlutafé í B-flokki nemur 71,5 millj. kr. Samkvæmt samþykktum félagsins fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í A-flokki.

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	143.000	8.875	15.838	61.679	229.392
Arður til hluthafa				(59.000)	(59.000)
Lagt í lögb. varasjóð			17.914	(17.914)	0
Fært á bundið eigið fé			524	(524)	0
Hagnaður ársins				358.813	358.813
Eigið fé 31.12.2021	143.000	8.875	34.276	343.053	529.204
Arður til hluthafa				(343.000)	(343.000)
Lagt í lögb. varasjóð			1.998	(1.998)	0
Fært á bundið eigið fé			(92)	92	0
Hagnaður ársins				419.702	419.702
Eigið fé 31.12.2022	143.000	8.875	36.183	417.849	605.907

Annað bundið eigið fé greinist þannig í árslok:

	Lögbundinn varasjóður	Bundinn gangvirðis- reikningur	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	15.838	0	15.838
Lagt í lögbundinn varasjóð	17.914		17.914
Lagt í bundinn gangvirðisreikning		524	524
Eigið fé 31.12.2021	33.752	524	34.276
Lagt í lögbundinn varasjóð	1.998		1.998
Lagt í bundinn gangvirðisreikning		(92)	(92)
Eigið fé 31.12.2022	35.750	433	36.183

Bundinn gangvirðisreikningur er vegna gangvirðisbreytinga eignarhluta í öðrum félögum.

11. Eiginfjárlutfall

Við mat á eiginfjárförf sinni miðar félagið við ákvæði laga um eiginfjárlutfall sem kveða á um 8% lágmarks eiginfjárlutfall. Við mat á eiginfjárlutfallinu er farið eftir alþjóðlegum stöðlum um mat á eiginfjárlutfalli (CEBS, COREP).

	31.12.2022	31.12.2021
Eiginfjárgrunnur skiptist þannig:		
Heildar eigið fé	605.907	529.204
Reiknuð skatteign	(3.255)	(5.834)
Eiginfjárgrunnur samtals	602.651	523.370
Eiginfjárfkrafa greinist þannig:		
Útlánaáhætta	32.046	22.041
Markaðsáhætta	773	8.457
Rekstraráhætta	155.731	130.620
Eiginfjárfkrafa	155.731	130.620
Eiginfjárlutfall	31,0%	32,1%

Skýringar, frh.:

12. Reiknuð skatteign

Reiknuð skatteign félagsins greinist þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	5.834	18.640
Tekjuskattur til greiðslu vegna rekstrar ársins	105.665	77.603
Reiknaður tekjuskattur ársins	(108.000)	(90.409)
Yfirtekin skattstofn ósjálfstæðra skattaðila	(244)	0
Reiknuð skatteign í árslok	3.255	5.834
Reiknuð skatteign skiptist þannig:		
Rekstrarfjármunir	(24)	(32)
Gengismunur	(1.693)	(193)
Viðskiptakröfur	4.973	6.059
Reiknuð skatteign í árslok	3.255	5.834

Samanber umfjöllun í skýrslu stjórnar þá hefur félagið óskað eftir endurákvörðun eða leiðréttingu á tekjuskatti og þegar uppgerðum fjármagnstekjuskatti.

13. Skattamál

Skattar vegna ársins 2022 hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn.

14. Tengdir aðilar

Til tengdra aðila félagsins teljast vera móðurfélag, dóttur- og hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn, nánir fjölskyldumeðlimir framangreindra aðila og lögaðilar undir yfirráðum þeirra, og hliðstæðir aðilar framangreindra aðila í dóttur- og hlutdeildarfélagum.

15. Eignir í stýringu og vörslu

Félagið er með eignir í stýringu og vörslu vegna þjónustu félagsins að fjárhæð 4.139 millj. kr. Þessar eignir eru ekki færðar í ársreikning félagsins.

16. Skuldbindingar

Félagið hefur gert húsaleigusamning til loka september 2023 um það skrifstofuhúsnæði sem félagið starfar í. Samningurinn er verðtryggður. Skuldbindingar vegna leigusamningsins eru ekki færðar í efnahagsreikning í samræmi við reglu reikningssskilaráðs nr. 6. Félagið vinnur að gerð nýs leigusamnings.

Á árinu 2022 nam gjaldfærð leiga upp. 34,1 millj. kr. og er færð meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi ársins. Áætlaðar samningsbundnar árlegar leigugreiðslur, að gefnum óbreyttum forsendum, næstu fimm ár nema um 34,1 millj. kr. á ári, m.v. verðlag ársins 2022